

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 108/2012****2012/EES/56/06****frá 15. júní 2012****um breytingu á XI. viðauka (Rafræn fjarskipti, hljóð- og myndmiðlun og upplýsingasamfélagið) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 94/2012 frá 30. apríl 2012 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/368/ESB frá 30. júní 2010 um breytingu á ákvörðun 2006/771/EB um samhæfingu tíðnirófsins fyrir þráðlausar sendingar til notkunar fyrir skammdrægan búnað ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 5cz (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/771/EB) í XI. viðauka við samninginn:

„– **32010 D 0368**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/368/ESB frá 30. júní 2010 (Stjtíð. ESB L 166, 1.7.2010, bls. 33).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar 2010/368/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 16. júní 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 15. júní 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

starfandi formaður.

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 248, 13.9.2012, bls. 32, og EES-viðbætur við Stjtíð. ESB nr. 50, 13.9.2012, bls. 37.

⁽²⁾ Stjtíð. ESB L 166, 1.7.2010, bls. 33.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.